

Skóli á tímamótum
Hvernig gerum við enn betur?
Hilton Reykjavík Nordica 2. nóvember 2009.

Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga
Setning og inngangserindi.

Ráðstefnustjórar, góðir ráðstefnugestir.

Yfirskrift okkar ráðstefnu um skóla á tímamótum á við um flest ef ekki allt sem er að gerast í þjóðfélaginu okkar í dag. Við stöndum á tímamótum í flestum skilningi þess orðs því allt hefur breyst í kjölfar uppgangs sem endaði með fjárhagslegu hruni og við þurfum að breyta okkur og okkar aðferðum hraðar til að við náum stjórn á því sem er að gerast.

Hér verður spurt ýmissa spurninga og vonir okkar standa til að svör fáist við sem flestum. Svör sem fleyta okkur áfram í þeim málaflokki sem skiptir okkur svo miklu máli. Starfsemi leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla er grundvöllur samfélags. Það er einkenni á góðu samfélagi að þar er metnaður eins og í skólasamfélaginu okkar og í góðu samfélagi er hægt að ræða kosti og galla hlutanna og komast að niðurstöðu. Það ætlum við að gera hér í dag.

Samband íslenskra sveitarfélaga er sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og bakhjarl sveitarfélaga vegna starfrækslu leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og annarra skólaflokkanna á rekstrarsviði sveitarfélaga, bæði í faglegu og rekstrarlegu tilliti. Áherslur sambandsins miða því fyrst og fremst að því að aðstoða sveitarfélög við að efla starf skólanna, þannig að þeir veiti nemendum góða þjónustu með fjölbreyttu skólastarfi.

Sambandinu er mikið í mun að uppfylla þetta verkefni sitt með skilvirkum hætti og sýnir þjónustukönnun sem gerð var 2007 að sveitarfélögin virðast nokkuð sátt með þennan þátt í starfsemi sambandsins og er það vel. Við höfum verið svo gæfusöm að hafa yfir mjög hæfu starfsfólki að ráða í þessum málaflokki sem öðrum hjá sambandinu. En við vitum að alltaf má gera betur og ég hvet ykkur, starfsmenn skólamála í sveitarfélögum og sveitarstjórnarmenn til þess að sitja ekki á hugmyndum ykkar heldur senda þær inn. Skólamálastefna sambandsins er til endurskoðunar um þessar mundir og gert er ráð fyrir því að ný og uppfærð útgáfa verði tilbúin fyrir næstu málstofu sambandsins um skólamál á næsta ári.

Við sjáum að sveitarfélög og ríki eru nauðbeygð til að ná verulega niður kostnaði. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að ná árangri í því. Við getum ekki talað okkur frá því og það getur enginn verið undanþeginn því stóra verkefni heldur. Verið er að kynna hugmyndir í einhverjum sveitarfélögum um fækkun skóla og þannig stöðugilda en launakostnaður er stærsti útgjaldaliðurinn eins og þið vitið.

Í könnun á hagræðingaraðgerðum í skóla- og fræðslumálum sem gerð var meðal sveitarfélaganna í landinu kemur skýrt fram að margra leiða er leitað til að ná niður kostnaði. Þið getið kynnt ykkur þessa könnun sem undirstrikar að sveitarfélögin hafa ákveðinn sveigjanleika í rekstri sem þau nýta sér eins og mögulegt er. Víða taka þessar hagræðingaraðgerðir mjög á en þær eru algjörlega nauðsynlegar til þess að

við náum tökum á rekstri sveitarfélaganna eftir að fjárhagur þeirra, ríkisins og landsins alls hrundi í fyrra.

Að þessu sögðu myndi maður reikna með að stöðugildum hafi fækkað hjá sveitarfélögum. Nýleg úttekt sem miðast við apríl 2008 til apríl 2009 leiðir samt í ljós að stöðugildum hafi fjölgað um 502 á því tímabili. Það stemmir reyndar við tölur frá fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna um daginn þar sem í ljós kom að þau skera niður í almennum rekstri en launatölurnar hækka frekar.

Það er full ástæða til að lýsa yfir ánægju með hversu vel hefur tekist til í samstarfi stjórnenda og starfsfólk sveitarfélaganna víðast hvar í þessum aðgerðum. Mín tilfinning er sú og ég hef upplýsingar um frá mörgum sveitarfélögum að kjörnir fulltrúar og starfsfólk leggi sig mjög fram um að takast á við þessar breyttu aðstæður. Fólk leggur á sig aukna vinnu án greiðslu fyrir. Það hefur tekið á sig launalækkarnir og leitar allra leiða sem það telur færar án þess að það bitni verulega á þjónustu við nemendur í þessu tilfalli.

En við þurfum að gera meira, við erum ekki komin út úr kreppunni, hún er langvinnari en við héldum fyrst; og við þurfum að finna fleiri leiðir. Almennan rekstur skerum við tæplega meira niður og því er ljóst að sveitarfélögin geta ekki fjölgað stöðugildum. Þau hljóta að þurfa að fækka þeim þó ekki væri með öðrum hætti en þeim að ráða ekki í stöður sem losna.

Við þessar aðstæður þurfum við gott samstarf við menntamálaráðuneytið um til hvaða leiða sé mögulegt að grípa t.d. sem tímabundin frávik frá einstaka lagaákvæðum til þess að styðja við sveitarfélög í þeim miklu hagræðingaraðgerðum og niðurskurði sem þau standa nú í en vilja þó með öllum tiltækum ráðum standa vörð um og efla gæði skólastarfs.

Við gerum okkur vonir um að ráðherra komi að þessum þáttum í sínu erindi síðar í dag. Hvaða leiðir sem farnar verða er ljóst að um það þarf að ná samstöðu. Það þarf að auka sveigjanleika sveitarfélaga til að hagræða í skólamállum. Til þess getur þurft tímabundnar undanþágur frá lögum eða lagabreytingar.

Í hverju sem breytingar eru fólgnar þá megum við ekki vera feimin að ræða þær. Ég heyri á mörgum stjórnendum skóla að þeim finnist oft erfitt að vinna útfra kennarasamningum. Um þessa samninga hefur verið mikil umræða í gegnum árin og hún er viðkvæm. Ég þekki skólastjórnendur sem héldu því fram áður en þeir tóku að sér stjórnun að kennarasamningarnir væru ekki vandamál við stjórnun. En annað hljóð kemur í strokkinn þegar þegar sest er stjórnendamegin við borðið.

Spyrjum líka hvernig okkur gengur í samanburði við aðrar þjóðir. Spyrjum hver árangurinn er í hlutfalli við kostnað. Og spyrjum okkur hvort við eigum ekki að fresta öllum aðgerðum sem leiða til aukins kostnaðar.

Reynum að ræða þetta án mikils tilfinningahita og spyrjum okkur hvort hægt er að bæta hag sveitarfélaga og kennara með því að breyta þessum samningum. Við stöndum á tímamótum og eigum ekki að hika við að spyrja spurninganna og leita nýrra leiða.

Sveitarfélögum er, með nýjum lögum, fengið aukið hlutverk varðandi eftirlit með skólastarfi og mat á gæðum þess. Þessi verkefni eru nú tekin föstum tókum hjá sambandinu og ráðinn hefur verið sérstakur verkefnisstjóri í samstarfi við menntamálaráðuneytið og með styrk frá jöfnunarsjóði til þess að skilgreina betur og kortleggja þessi nýju verkefni.

Nýlega bárust niðurstöður frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu úr rannsókninni Ungt fólk 2009 þar sem menntun, menning, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna á Íslandi er kortlögð.

Þrátt fyrir getgátur um að kreppan væri farin að setja mark sitt með neikvæðum hætti á líðan barna þá sína niðurstöður hið gagnstæða. Þau hemja skap sitt betur og lægra hlutfall þeirra upplifir vanlíðan nú en 2007 í hópnum 10-12 ára. Í unglingshópnum eru fleiri sem telja sig hamingjusöm núna og ánægð með líf sitt en 2006. Þá er ánægjulegt að sjá hversu ört vaxandi hlutfall unglinga segist oft vera með foreldrum sínum eftir skólatíma frá því könnunin var fyrst lögð fyrir 1997. Okkur er að takast vel að halda utan um krakkana okkar í þessu árferði, þeim líður betur ef eitthvað er frá því sem var í „góðærinu“ og einnig hefur komið í ljós að sveitarfélögin hafa gert sitt til þess að standa vaktina gagnvart þeim sem verst eru að fara út úr þessu ástandi fjárhagslega.

Fjölskyldur og sveitarfélög eru sér vel meðvituð um mikilvægi þess að láta ekki ástandið bitna á börnunum og standa saman í því verkefni. Það er líka verkefni okkar hér í dag að taka höndum saman um að gera enn betur í þessum efnum og þessar niðurstöður sýna okkur að þar eigum við góða möguleika þrátt fyrir versnandi horfur og aukið atvinnuleysi.

Það er alltaf erfitt að fullyrða um ástæður fyrir breytingum eins og þessum en við skulum vona að markvisst starf hafi þar mikið að segja. Ég vil nefna forvarnardaginn þar sem hugmyndum og tillögum 9. bekkjar nemenda hefur verið skilað og kynntar sl. 4 ár.

Það starf hefur, bendir margt til, skilað sér í aukinni samveru foreldra og barna, enn meiri þátttöku þeirra í skipulögðu æskulýðs- og íþróttastarfi og forðað fleirum frá neyslu áfengis á unga aldri. Tillögur krakkanna snúast um aukna samveru með foreldrum og fjöldi hugmynda sem þau koma með til þess að brúka í því skyni.

Í sameiginlegri framtíðarsýn Félags grunnskólakennara, Skólastjórafélags Íslands og sveitarfélaga f. grunnskólastarf til 2020 frá árinu 2007 er einmitt settur stefnuþátturinn: *Virk tengsl skóla og grenndarsamfélags* og sem eitt af markmiðum að stefna að í því skyni er að nýta skólahúsnaði fyrir þjónustu og starfsemi utan daglegs skólastarfs.

Sveitarstjórnir þurfa á því að halda að allir aðilar skólasamfélagsins leggi sitt af mörkum til þess að finna góðar leiðir til þess að takast á við það erfiða umhverfi sem við er að glíma núna og þess vegna er fulltrúum hagsmunaaðila boðið til þátttöku á skólaþinginu. Við leggjumst saman á árar, fáum sjónarhorn fleiri aðila á málin og aukum þannig líkur á að hugmyndir og tillögur verði raunhæfari og framkvæmanlegri og taki mið af því að forðast skuli í lengstu lög að rýra gæði skólastarfs og ganga á þjónustustigið. En hinu má ekki gleyma að í góðærinu bættu

mörg sveitarfélög verulega í umfram lögbundna skyldu til verkefna og nutu allir góðs af. En í hallæri herðum við ólína og með samstilltu átaki verða vonandi áhrifin til lengri tíma þau að þrátt fyrir sparnað þá takist okkur með auknu samstarfi að endurskipuleggja skólastarf með þeim hætti að gæðin aukast og þjónustustigið helst.

Það er risastór spurning hvort við getum aukið gæði og þjónustu í núverandi árferði. Út frá peningalegri hlið þess getum við svarað neitandi. Hins vegar er það þekkt að þegar þrengir að þá verða til nýjar hugmyndir, nýjar aðferðir, ný hugsun. Þess vegna er þessi ráðstefna svo mikilvæg. Hérna spyrjum við mikilvægra spurninga sem við fáum vonandi góð og uppbyggileg svör við. Svör sem eiga að hjálpa okkur á þessum tímamótum. Svör sem hjálpa okkur að takast á við breytingar og ná stjórn á þeim. Svör sem breyta. Það er ekki víst að okkur líki öll svörin eða breytingarnar. Eflaust fer það eftir því frá hvaða sjónarhorni við lítum á málefnið. En við verðum að gera breytingar um það getum við öll verið sammála.

Megi þessi ráðstefna verða til góðs fyrir skólamálin í landinu, þann málaflokk sem skiptir hvað mestu máli fyrir framtíðina.

Ég þakka starfsfólki okkar og öðrum sem að skipulagningu ráðstefnunnar hafa komið kærlega fyrir vandaða vinnu.

Og ég vil þakka þátttakendum félaga kennara og skólastjóra, Heimilis og skóla og kennaramenntunarstofnana og ráðherra fyrir virka þátttöku með erindum hér á ráðstefnunni.

Ráðstefnan skóli á tímamótum er sett.